

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1481
komudagur 26.3.2009

Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 25. mars 2009.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Þskj. 648 – 385. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft framangreint frumvarp til umsagnar. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er gerð tillaga um að fjórum nýjum ákvæðum verði bætt við stjórnarskrána nr. 33/1944. Ljóst er að þessi ákvæði eru af ýmsum toga. Þannig varða ákvæði 1. og 3. gr. algjörlega ný efnisatriði. Er annars vegar um að ræða ákvæði um auðlindamál og hins vegar ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þá varðar ákvæði 2. gr. frumvarpsins breytingu á aðferð við að breyta stjórnarskránni og ákvæði 4. gr. stjórnlagabætur, þ.e. að boða skuli til stjórnlagabætur sem falið verði það verkefni að semja nýja stjórnarskrá lýðveldisins.

Laganefnd telur ákveðna þversögn felast í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og á sama tíma koma á fót stjórnlagabætur sem á að semja nýja stjórnarskrá. Er vandséð að framangreindar breytingar geti haft það mikið gildi á meðan stjórnlagabætur er að störfum en samkvæmt frumvarpinu á stjórnlagabætur að ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Ljóst er að sá tími er í sjálfu sér ekki mjög langur miðað við efni ákvæðanna sem um ræðir.

Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir hrl. formaður